

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 309/2023

frá 8. desember 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1442 frá 11. júlí 2023 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli að því er varðar breytingar á leyfum fyrir efnum og viðbót nýrra efna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1581 frá 1. ágúst 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu óleóresínunum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1582 frá 1. ágúst 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu 3'-sialýllaktósanatríumsalti sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1583 frá 1. ágúst 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu laktó-*N*-neótetraósa (af örverufræðilegum uppruna) ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópu-bandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 177, 12.7.2023, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 13.

6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):

„– **32023 R 1442**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1442 frá 11. júlí 2023 (Stj. tíð. ESB L 177, 12.7.2023, bls. 45).“

2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„– **32023 R 1581**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1581 frá 1. ágúst 2023 (Stj. tíð. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 4),

– **32023 R 1582**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1582 frá 1. ágúst 2023 (Stj. tíð. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 8),

– **32023 R 1583**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1583 frá 1. ágúst 2023 (Stj. tíð. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2023/1442 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/1581, (ESB) 2023/1582 og (ESB) 2023/1583, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING